

Jörð

Mælt er með að gerður verði skógræktarsamningur á jörðinni Ásgarði í Dalabyggð. Valdimar Reynisson og Ellert Arnar Marísson skógræktarráðgjafar Skógræktarinnar á Vesturlandi, fóru í vettvangsferð 24.6.2020 ásamt landeigendum.

Þinglýstur landeigandi: Skugga-Sveinn ehf. 490517-0220

Landnúmer: 137707

Sveitarfélag: Dalabyggð

Stærð fyrirhugaðs samningssvæðis: 134 hektarar

Friðun: Land til nytjaskógræktar er að mestu friðað fyrir beit sauðfjár, það þarf að girða lítið til að loka því alveg. Gera á tilraun til beitarskógræktar á beitarskógarsvæðunum svo þar geti sauðfé gengið um líkt og svæðið er notað til í dag.

Jarðir sem skógræktarsvæðið nær að: Magnússkógar 3 og Leysingjastaðir.

Ábúð: Jörðin er í ábúð

Landeigandi: Skugga-Sveinn ehf.

Heimilisfang: Ásgarði, 371 Búðardal

Almennt:

Svæðið sem um ræðir hentar ágætlega til þeirra skógræktar sem fyrirhuguð er á svæðinu. Svæðið skiptist í þrjá meginhluta, stærsta svæði er neðan þjóðvegur og skipist í beitarskóg og nytjaskóg. Ofan vegar eru svo tvö aðskilin svæði annarsvegar beitarskógur sunnar og síðan fjölnytjaskógur norðan við bæinn.

Það svæði sem ætlað er til nytjaskógræktar eru framræst mýrlendi, þar er á nokkrum stöðum of blautt fyrir skógrækt en það verður tekið út sem úrtök og ekki plantað neinu í þau svæði, svæðið hentar vel fyrir ösp og greni. Neðst í nytjaskógarsvæðinu eru sandbakkar, þar er mun þurrara. Á því svæði er hægt að nýta öspina og einnig er þetta gott land fyrir lerki og furu, þarna væri kjörið að nota lerkiblendingin Hrym.

Á svæðinu sem ætlað er fyrir fjölnytjaskógrækt er jarðvegur fjölbreyttur allt frá malarsvæðum upp í frjósamt graslendi þar er hægt að finna svæði sem henta öllum tegundum sem í boði er þ.e.a.s. birki, furu, lerki, greni og ösp. Þarna verður leitast við að hafa skóginn heldur fjölbreyttari en annarstaðar. Á beitarskógarsvæðinu eru ágæt skilyrði til skógræktar, þar verður plantað trjátegundum sem sauðfé er ekki mjög hrifið af eins og furu, lerki og greni. Líklega verður farið í mismunandi útfærslur á skógi til að sjá hvort eitthvað er betra en annað t.d. gysin skógur, litlir trjáreitir til að mynda skjól o.s.frv. Þarna þarf að skoða aðeins betur útlínur þar sem miðað er við girðingu sem sést illa á loftmyndum en verður sett inn með GPS gögnum síðar á ferlinu. Útlínurnar eru því með þeim fyrirvara að þær gætu hliðrast eitthvað þegar girðingin er GPS tekin.

Í heildina hentar svæðið vel til skógræktar og ekki von á öðru en að þarna eigi eftir að vaxa upp vöxtulegur skógur.

Við hönnun skógarins verður tekið tillit til ýmissa þátta t.d. útsýnis frá Magnússkógum 3. Mýrlendi sem er of blautt verður tekið út og haldið óspilltu einnig verður leitast við að hafa ásýnd skógarins þannig að ekki sé mikið af beinum línunum og skógurinn falli eins vel að landinu og kostur er. Neðst í nytjaskógræktarsvæðinu er örnefnið „Grundarskógur“ sem bendir til að skógur/kjarrlendi hafi verið þarna á fyrri tíð. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir í um umfjöllun um Ásgarð: „Skógur hefur verið góður; nú er hann kalinn og mjög eyddur, þó enn nú til kola og eldiviðar.“

Megnið af umræddu svæði var grófpurrkað á árunum 1957-1959 en var áður mjög blautt en nota þurfti fleka við framræsluna á þeim tíma. Þá átti Landnám ríkisins hluta landsins þar sem reisa átti nýbýli sem ekki varð af og keyptu Ásgarðsbændur landið aftur árið 1977. Erfitt mun reynast að rækta tún á svæðinu þar sem halli landsins er lítill og þegar sjávarstaða er há rennur vatn uppí affallsskurð. Skógrækt eykur því nýtingargildi þessa lands frá því sem er í dag.

Verndarákvæði aðalskipulags:

Ekki er vitað um neina annamarka samkvæmt skipulagi til að rækta skóg á svæðinu. Í aðalskipulagi er þetta land undir landbúnaðarsvæði.

Fornminjar:

Ekki er vitað um fornminjar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi:


Ekki er vitað um neitt slíkt. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Hvanneyri 14.8.2020



VALDIMAR REYNISSON

Skógræktarráðgjafi / Forestry advisor
Skógræktin / Icelandic Forest Service
Hvanneyrargötu 3, ís-311 Borgarnesi
(+354) 847 8324
www.skogur.is



Ásgarður skógrækt

0 0,25 0,5 1 Kilometers

Scale: 1:12.000

skógræktin



Yfirlitsmynd af fyrirhuguðu skógræktarsvæði.